

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands leggur til við aukasjóðsfélagafund 13. nóvember 2025 að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins

Tillögur stjórnar taka mið af samrunasamningi Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ) og Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Stjórnir LTFÍ og Frjálsa lífeyrissjóðsins undirrituðu samning um samruna sjóðanna 20. október 2025. Samkvæmt samningnum munu sjóðirnir sameinast 1. janúar 2026. Samrunasamningurinn er til afgreiðslu á aukaársfundi LTFÍ sem boðaður er 13. nóvember nk. Verði tillögurnar samþykktar á aukasjóðsfélagafundi verða þær sendar fjármála-og efnahagsráðuneytinu til staðfestingar. Að fenginni staðfestingu fjármála-og efnahagsráðuneytisins öðlast breytingarnar gildi.

Tilgangur breytingatillagnanna er að liðka fyrir og leggja traustari grunn að fyrirhuguðum samruna LTFÍ og Frjálsa lífeyrissjóðsins og um leið að tryggja réttindi sjóðfélaga við yfirfærslu þeirra til Frjálsa lífeyrissjóðsins ef samruninn verður samþykktur.

Stjórn leggur til breytingar á tveimur greinum núverandi samþykktar og svo nýtt viðbótarákvæði sem bætist við samþykktir sjóðsins þar sem kveðið er á um samruna sjóðanna og tilfærslu á réttindum og skyldum.

Þannig er lögð áhersla á að breyta gildandi samþykktum LTFÍ sem minnst. Nokkur líkindi eru á samþykktum lífeyrissjóðanna en þó munar þar um að LTFÍ hefur boðið sjóðfélögum upp á fjórar greiðsluleiðir þar sem hluti iðgjaldsins fer í samtryggingu og hluti í séreign en Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður upp á tvær leiðir fyrir skyldusparnað sjóðfélaga „Frjálsa leiðin“ og „Erfanlega leiðin“ og miða tillögur stjórnar að því að einfalda flutninginn á milli leiða og val sjóðfélaga.

Stjórn leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.

Við 8. gr. samþykktu bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Frá 31. desember 2025 verður ekki tekið við frekari innborgunum iðgjalda í leiðir II og III og réttindi sjóðfélaga sem valið hafa leið II eða III og ekki hafa sótt um töku lífeyris þann dag flytjast á þeim degi í leið I. Mánaðarlegur réttur til örorku- og makalífeyris breytist ekki við flutning réttinda frá leiðum II og III í leið I, en ellilífeyrisréttur í leið I verður sá réttur sem með frestun á töku lífeyris til viðmiðunaraldurs þeirrar leiðar sem réttur er fluttur úr verður hinn sami og var fyrir flutning í leið I.

Frá 31. desember 2025 tekur gildi uppfærð tafla um frestun og flýtingu lífeyris í leið I hjá Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands.

Greinargerð:

Að virtum samningi um sameiningu við Frjálsa lífeyrissjóðinn leggur stjórn til að hætt verði að taka við greiðslu iðgjalda í leiðir II og III hjá LTFÍ frá 31. desember 2025 og að réttindi sjóðfélaga sem ekki hafa þá sótt um töku lífeyris þann dag flytjist í leið I. Leið I hjá LTFÍ líkist Frjálsu leiðinni hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum og verði samruninn og þessi breyting á samþykktum samþykkt þá munu sjóðfélagar LTFÍ sem fram til þessa hafa greitt í leiðir I, II og III þannig færast í Frjálsu leiðina úr leið I frá og með samrunadegi sem er 1. janúar 2026.

Þá leggur stjórn til að skýrt verði greint í samþykktum LTFÍ um áramót að frá og með samruna sjóðanna taki gildi uppfærð tafla um frestun eða flýtingu lífeyris í leið I en hún mun taka tillit til sambærilegrar töflu Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Breytingarnar miða að því að tryggja réttindi sjóðfélaga og skýra stöðu aðila en eftir sameiningu geta sjóðfélagar svo valið milli leiða og frestun á töku lífeyris.

Breyttur viðmiðunaraldur við framreikning réttinda við mat örorkulífeyris.

Í stað „70 ára“ í 1. málsl. gr. 11.3 komi: 65 ára

Greinargerð:

Stjórn leggur til breyttan viðmiðunaraldur samkvæmt grein 11.3 sem fjallar um hvernig framreikningur skal gerður ef sjóðfélagi sem á rétt til örorkulífeyris á rétt á framreiknuðum réttindum. Stjórn leggur til að þá skuli til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér með greiðslum til 65 ára aldurs í stað þess að nú er miðað við hvaða réttindi hann hefði áunnið sér til 70 ára aldurs. Með þessu eru reglur samræmdar á milli sjóðanna án þess að raska réttindum þeirra sem nú eru á örorkulífeyri.

Nýtt ákvæði bætist við samþykktir LTFÍ sem skýri nánar réttindi og skyldur við sameiningu við Frjálsa lífeyrissjóðinn.

Við samþykktir LTFÍ bætist nýtt ákvæði svohljóðandi:

LTFÍ sameinast Frjálsa lífeyrissjóðnum frá og með 1. janúar 2026. Á þeim degi tekur Frjálsi lífeyrissjóðurinn við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum LTFÍ, fyrir bæði samtryggingu og séreign, eins og þær standa á þeim degi samkvæmt uppgjöri 31. desember 2025.

Við sameiningu sjóðanna og færslu réttinda og skyldna til Frjálsa lífeyrissjóðsins 1. janúar 2026 munu samþykktir Frjálsa gilda um réttindi og skyldur sjóðfélaga LTFÍ, sem þá færast yfir til Frjálsa lífeyrissjóðsins og verða sjóðfélagar í sameinuðum sjóði.

Við samrunann skulu öll áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga LTFÍ metin og varðveitt eins og þau standa samkvæmt gildandi samþykktum sjóðsins á sameiningardegi. Samruni sjóðanna skal miðast við áfallna stöðu lífeyrisskuldbindinga á viðmiðunardegi og án framtíðarkostnaðar. Varðandi frestun og flýtingu réttinda skal miða við samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Séreignarsparnaður sjóðfélaga LTFÍ sem þeir hafa greitt og safnað hjá LTFÍ er eign hvers sjóðfélaga og mun við sameiningu LTFÍ við Frjálsa lífeyrissjóðinn 1. janúar 2026 flytjast í séreignarleiddina Frjálsi 1 til vörslu og ávöxtunar.

Á aukasjóðfélagafundi 13. nóvember 2025 er sameining við Frjálsa lífeyrissjóðinn samþykkt og stjórn LTFÍ um leið veitt fullt umboð til að ákveða, með tilliti til úttektar og mats tryggingarstærðfræðings, hækkun eða lækkun réttinda til jöfnunar réttinda sjóðfélaga sjóðanna en komi til breytinga á réttindum í LTFÍ skal það skráð með viðauka til breytinga á samþykktum þessum miðað við 31. desember 2025.

Greinargerð:

Stjórn LTFÍ leggur til nýtt ákvæði við samþykktir LTFÍ sem tiltekur að LTFÍ sameinist Frjálsa lífeyrissjóðnum verði það samþykkt á aukasjóðfélagafundi 13. nóvember 2025 og skýrir þá um leið hvernig réttindi og skyldur flytjast á milli sjóðanna. Sameining sjóðanna tekur mið af 48. gr. laga nr. 129/1997. Réttindi og skyldur sjóðfélaga LTFÍ skulu reiknuð miðað við 31. desember 2025 og færast þannig yfir til Frjálsa lífeyrissjóðsins, en frá þeim tíma gilda samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins. Áunnin réttindi eiga ekki að raskast og samruni sjóðanna miðast við áfallna stöðu á viðmiðunardeginum í árslok 2025. Séreign hjá LTFÍ líkist mest leiðinni Frjálsi 1 og því færist séreign sjóðfélaga LTFÍ í þá leið. Loks er stjórn veitt umboð til að ákveða jöfnun réttinda með hækkun eða lækkun ef til þess kemur að þess þurfi með tilliti til úttektar tryggingarstærðfræðings en miðað við stöðu sjóðanna við árslok 2024 og miðað við ávöxtunartölur á þriðja ársfjórðungi 2025 telur stjórn LTFÍ ólíklegt að til jöfnunar þurfi að koma á ársfundi LTFÍ. Stjórn LTFÍ mun starfa áfram eftir samruna sjóðanna og gæta að uppgjöri sjóðsins og ársfundi en ef samruninn við Frjálsa lífeyrissjóðinn er samþykktur þá mun LTFÍ verða slitíð á árinu 2026.